

# Samkeppni um nýtt kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey

Akureyrarbær, í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands, efnir til hugmyndasamkeppni um nýtt kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey.

## 1. Verkefnið

Akureyrarbær leitar eftir hugmyndum um nýtt kennileiti sem sett verður upp við heimskautsbauginn í Grímsey. Kennileitinu er ætlað að vekja athygli á Grímsey sem ferðamannastað.

Leitað er að myndrænu tákni fyrir eyjuna sem gæti orðið að aðdráttarafl í sjálfu sér og hægt er að nota á ólíka vegu t.d. við gerð minjagripa. Kennileitið þarf að styrkja Grímsey og stöðu hennar sem nyrsta odda Íslands, á heimskautsbaugnum. Unnið verður með vinningshafa að frekari hönnun og útfærslu tillögunnar. Samkeppnin fer fram samkvæmt samkeppnislýsingu, fylgigögnum og samkeppnisreglum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkir verkefnið.

### 1.1 Markmið

Helstu áherslur sem horft verður til í mati á tillögum keppenda:

- Að tillagan sé vel til þess fallin að vekja athygli á Grímsey sem ferðamannastað jafnt fyrir Íslendinga sem útlendinga.
- Að í tillögunni felist sterk hugmynd og myndræn framsetning.
- Að fram komi áhugaverð, frumleg og metnaðarfull lausn í anda sjálfbærrar þróunar.
- Að kennileitið geti nýst sem tákn fyrir Grímsey, til minjagripagerðar og jafnvel til atvinnusköpunar í Grímsey og þannig haft góð efnahagsleg áhrif.
- Að kennileitið falli vel að umhverfi og efniviði í Grímsey og hafi skírskotun til staðarins og/eða legu við heimskautsbaug.
- Að kennileitið verði hannað með það fyrir augum að það falli vel að umhverfinu í Grímsey og spilli ekki þeirri náttúru sem þar er.
- Að lausnin sé ákjósanleg með tilliti til endingar, viðhalds og umhverfis- og vistfræðipáttá.
- Að hugmyndin sé raunhæf og hægt sé að setja kennileitið upp innan gefins fjárhagsramma, sem er 7 milljónir kr. Tekið verður tillit til áætlaðs kostnaðar við mat.

## 1.2 Viðmið

Auk framangreindra markmiða verður horft til neðangreindra viðmiða við mat á úrlausn og hönnun:

- Við staðsetningu, hönnun og við allar aðrar framkvæmdir á svæðinu skal huga að því að öryggi gesta verði tryggt.
- Huga skal að því að aðgengi verði til fyrirmyndar og sérstaklega skal huga að aðgengi fyrir fatlaða að verkinu ef þess er nokkur kostur.
- Æskilegt er að nafn eyjarinnar komi fram á táknuinu eða við það til að styrkja ímyndina og tengja við staðinn.
- Staðsetning kennileitisins sé u.þ.b. á 66°32'02" N (sjá fylgiskjöl 1-4) eða þar sem núverandi tákn er staðsett. Baugurinn hreyfist u.þ.b. 15 sm á ári og er því yfirleitt miðað við að hann sé á bilinu 66°32'00" til 66°33'00" N.
- Vegna nálægðar við flugvöllinn verður kennileitið að vera vestan við væntanlega flugvallargirðingu sem sýnd er á loftmynd (sjá fylgiskjal 1). Hæð kennileitisins má ekki fara upp fyrir hindranaflöt flugvallarins sem er sýndur með 1 m hæðarlínum og eru hæðirnar sýndar á fylgiskjali 3.
- Kennileitið má ekki spegla birtu (sól eða önnur ljós) sem gæti truflað flugmenn í aðflugi. Ef einhver ljós eru fyrirhuguð verður Isavia að samþykkja þau.
- Taka þarf tillit til veðuráhrifa. Í Grímsey er úthafsloftslag, vindasamt, rakt og talsverð selta í lofti.
- Vísað er í eftirfarandi rit: Leiðbeiningarritið Góðir staðir, Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum og Menningarstefnu í mannvirkjagerð. Horft verður til áherslanna í þeim við val á vinningstillögu. Sjá nánari upplýsingar í heimildalista aftast.

## 2. Þátttaka

Samkeppnin er opin menntuðum hönnuðum, arkitektum og myndlistamönnum. Ef teymi vinnur saman að tillögunni er nóg að einn úr teyminu uppfylli menntunarkröfur.

## 3. Verðlaunafé

Verðlaunaféð er 1.000.000 króna auk virðisaukaskatts og verður veitt fyrir þá tillögu sem valin verður í fyrsta sæti. Dómnefnd er þar að auki heimilt að veita sérstakar viðurkenningar.

Samningur verður gerður við vinningshafa um frekari úrfærslu hugmyndarinnar, notkunarrétt og framkvæmd. Verkkaupa er heimilt að leita samninga um kaup á öðrum tillögum t.d. vegna minjagripagerðar.

## 4. Samkeppnisferlið

### 4.1 Afhending gagna

Samkeppnisgögn verða aðgengileg á vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands [www.honnunarmidstod.is](http://www.honnunarmidstod.is) og á vef Grímseyjar [www.grimsey.is](http://www.grimsey.is) frá og með 12. nóvember 2013.

Fyrirspurnarfrestur er til miðnættis 26. nóvember 2013. Fyrirspurnum skal beint í tölvupósti til trúnaðarmanns keppinnar, sjá lið 5.2., og verða fyrirspurnir ásamt svörum birtar á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar Íslands eigi síðar en 3. desember 2013.

### 4.2 Samkeppnisgögn

1. Keppnislýsing þessi.
2. Fylgiskjal 1: Loftmynd af eyjunni með hæðarlínum
3. Fylgiskjal 2: Yfirlitsmynd af keppnissvæði og umhverfi 1:2500
4. Fylgiskjal 3: Keppnissvæði 1:500 án hindranaflata
5. Fylgiskjal 4: Keppnissvæði 1:500 með hindranaflötum vegna flugvallar (hámarks hæð)
6. Á vefsíðunni [www.grimsey.is](http://www.grimsey.is) er að finna ýmislegt efni undir hnappnum 'Samkeppniö; ljósmyndir, kvikmyndir og önnur gögn.

### 4.3 Skil á gögnum

Keppendur skulu skila eftirfarandi gögnum, bæði á pappír og á tölvutæku formi (pdf). Tungumál þessarar samkeppni er íslenska. Allur texti innsendra tillagna skal vera á íslensku.

1. Tillögunni skal skilað á að hámarki fjórum A3 pappaörkum - með auðkenni um staðsetningu/uppröðun í öðru hvoru neðra horni hverrar arkar. Keppendur skulu skila uppdráttum sem þeir telja nauðsynlega, þó innan áður nefnds fjölda pappaarka, til að sýna og útskýra verkið/kennileitið t.d með skýringarmyndum, grunnmyndum, skurðmyndum, sniðmyndum og/eða þrívíddarteikningum. Uppdráttunum skulu fylgja upplýsingar sem sýna stærð verksins/kennileitisins í kvarða. Einnig skal gerð grein fyrir efnis- og litavali.
2. Skila skal greinargerð að hámarki 1000 orðum þar sem lýst er megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og þar sem gerð er grein fyrir helstu þáttum tillögunnar. Greinargerðin skal innihalda kostnaðaráætlun (sjá nánar lið 5 í þessum kafla) auk minnkaðra uppdrátta/arka úr stærð A3 í A4 (sjá lið 1) Greinargerð skal skilað innbundinni í 6 eintökum í blaðsíðustærð A4.
3. Sýna skal staðsetningu verksins og afstöðu til flugvallar og bygginga á svæðinu. Einnig skal sýna aðkomu og umhverfi verksins.
4. Valfrjálst er hvort keppendur skila inn þrívíðu líkani af tillögunni.
5. Kostnaðaráætlun fyrir verkið skal sundurgreind þannig að ljóst sé hver heildarkostnaður verður við verkið og undirstöðu þess, tilbúið til uppsetningar.

#### *4.4 Skilafrestur*

Skilafrestur samkeppnistillagna er til föstudagsins 31. janúar 2014 kl. 12:00.

#### *4.5 Um skil á gögnum*

Tillögum skal skilað í þjónustuandyri Ráðhússins á Akureyri (sjá póstfang neðar í kaflanum) í lokuðu umslagi merktu þGrimseyð fyrir kl. 12:00, 31. janúar 2014. Sé tillaga send með pósti skal hún send í ábyrgðarpósti og gildir tímasetning póststimpils.

Í umslaginu skulu vera gögn þau sem tilgreind eru í lið 4.3. Auk þeirra skal fylgja með lokað umslag merkt dulnefni sem inniheldur rétt nafn höfundar, heimilisfang, netfang og símanúmer.

Við afhendingu tillögu í þjónustuandyrinu fær keppandi kvittun merkta auðkennistölu tillögunnar. Þeir sem senda gögnin í ábyrgð geta fylgst með að gögnunum sé skilað í Ráðhúsið á heimasíðu Póstsins og geta einnig óskað eftir að fá móttökukvittun hjá Póstinum.

Póstfang:

Ráðhúsið á Akureyri

b.t. Þjónustuandyri vegna þGrimseyð

Geislagata 9

600 Akureyri

#### *4.6 Niðurstöður*

Miðað er við að dómnefnd skili niðurstöðum um miðjan febrúar 2014 og að tilkynnt verði um úrslit stuttu síðar.

#### *4.7 Kynning*

Verkkaupi mun kynna vinningstillögu í fjölmiðlum þar sem höfundar verður getið.

### **5. Dómnefnd og trúnaðarmaður**

#### *5.1 Dómnefnd skipa*

Tilnefndir af Akureyrarbæ:

ÉLogi Már Einarsson arkitekt, Akureyri. Formaður dómnefndar

ÉFriðþjófur Helgason ljósmyndari, Reykjavík

ÉMargrét Jónsdóttir leirlistakona, SÍM, Akureyri

Tilnefndir af HMÍ:

ÉRagnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt, FÍLA, Reykjavík

ÉHelga Jósepsdóttir vöruhönnuður HMÍ, Akureyri

Dómnefnd gerir skriflega grein fyrir vali. Dómnefnd er heimilt að hafna öllum tillögum.

Með afhendingu á tillögu í samkeppni telst þátttakandi samþykkja dómnefnd og keppnisgögn og að hann muni virða niðurstöðu dómnefndar. Farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál. Dómnefnd er heimilt að leita ráðgjafar sérfræðinga.

## *5.2 Trúnaðarmaður / Keppnisritari*

Nafn: Þórhallur Kristjánsson

Netfang: [samkeppni@honnunarmidstod.is](mailto:samkeppni@honnunarmidstod.is)

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns í tölvupósti.

## *6. Afnotaréttur og samningur við verðlaunahafa*

Verkkaupi (Akureyrarbær) öðlast afnotarétt af verðlaunaðri tillögu. Hönnuður/vinningshafi skuldbindur sig til að ljúka hönnun á verkinu innan 5 mánaða frá úrslitum nema um annað verði samið.

Verkkaupi og hönnuður gera milli sín samning um útfærslu hugmyndarinnar, notkunarrétt og framkvæmd í samræmi við kostnaðaráætlun þá sem skilað er inn í samkeppnina.

## *7. Heimildir og stuðningsgögn.*

### *Góðir staðir*

Borghildur Sölvey Sturludóttir arkitekt FAÍ, Halldóra Vífilsdóttir arkitekt FAÍ, Kristín Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hjá Hönnunarmiðstöð Íslands og Sveinn Rúnar Traustason umhverfisstjóri, Ferðamálastofu.

[http://www.honnunarmidstod.is/media/PDF/Godir\\_stadir\\_leidbeiningarrit.pdf](http://www.honnunarmidstod.is/media/PDF/Godir_stadir_leidbeiningarrit.pdf)

### *Grímsey og Grímseyingar*

Helgi Daníelsson (Ritstj.). (2003). Reykjavík: Akrafjallsútgáfan.

### *Handbók um Merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum*

Annetta Scheving grafískur hönnuður, Árni Jón Sigfússon arkitekt, Guðrún Ingvarsdóttir arkitekt FAÍ Plan arkitektar, Gústaf Vífilsson verkfræðingur

<http://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/utgefing-efni-og-leidbeiningarit/handbok-um-merkingar>

### *Heimasíða Grímseyjar*

[www.grimsey.is](http://www.grimsey.is)

Á síðunni er hnappurinn Samkeppni með ítarefni varðandi samkeppnina.

### *Meningarstefna í mannvirkjagerð:*

<http://www.fsr.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2616>